Markaðspunktar

Arion banki

Arion banki ▪ Greiningardeild ▪ greining@arionbanki.is ▪ arionbanki.is

Markaðspunktar í dag:

- Viðskiptajöfnuður versnandi fer

Viðskiptajöfnuður versnandi fer

Töluverð óvissa hefur ríkt um vænta gjaldeyrissköpun þjóðarinnar (þ.e. viðskiptajöfnuðinn sjálfan) þar sem áhrif föllnu bankanna á hagtölur eru miklar. Í opinberum tölum hafa t.a.m. áfallnir vextir þrotabúanna reiknast sem gjöld þjóðarbúsins en það liggur fyrir að vextirnir verða aldrei greiddir. Því hafa opinberar tölur um viðskiptajöfnuð e.t.v. verið verri en efni standa til.

Seðlabankinn hefur um nokkurt skeið birt tölur um viðskiptajöfnuð án innlánsstofnanna í slitameðferð, væntanlega svo að hægt sé að fá betri yfirsýn yfir vænta gjaldeyrissköpun landsins. Sá mælikvarði er þó þeim annmörkum háður að hann tekur ekki til þeirra áhrifa sem verða til þegar eignum þrotabúanna verður skipt á milli kröfuhafa, sem eru að stærstum hluta erlendir aðilar, því er viðskiptajöfnuður (þ.e. afgangurinn) væntanlega ofmetinn á þennan mælikvarða. Einnig hefur Seðlabankinn stöku sinnum birt án áhrifa lyfjafyrirtækisins Actavis á téðan viðskiptajöfnuð, en með slíkri framsetningu verður afgangur af viðskiptajöfnuði umtalsverður eða á bilinu 3-4,7% á árunum 2011-2013. Hinsvegar eru báðar framsetningar nokkuð villandi þar sem ekki eru tekin með í reikninginn þau neikvæðu áhrif sem von er á þegar eignum bankanna hefur verið skipt upp á milli kröfuhafa.

Hvað sem öðru líður þá vekur einna helst athygli hversu miklar breytingar hafa orðið á mati Seðlabankans á þessu ári á tölum um viðskiptajöfnuð án innlánsstofnanna í slitameðferð. Að hluta til liggur skýringin á upphaflegu ofmati á afgangi af vöru- og þjónustuviðskiptum og sömuleiðis versnandi horfum á þáttatekjum, þar sem eignir Íslendinga erlendis virðast m.a. vera minna virði en áður var talið. Þetta hefur mikla þýðingu fyrir möguleika krónunnar á því að styrkjast, einkum í skjóli gjaldeyrishafta.

Eins og sjá má gerir Seðlabankinn nú ráð fyrir að viðskiptaafgangur án innlánsstofnanna í slitameðferð verði um 0,8% á þessu ári og um 0,5% árið 2012 og 2013. Í Peningamálum í febrúar var hinsvegar gert ráð fyrir ríflega 8% undirliggjandi viðskiptaafgangi á þessu ári sem átti að lækka lítillega næstu ár. Þetta bendir því til þess að lítið svigrúm sé til styrkingar krónunnar og/eða verulegum kaupum Seðlabankans á gjaldeyri til styrkingar forða á næstu misserum. Eins má benda á að geta þjóðarbúsins til að greiða niður erlendar skuldir verður minni en ella ef núverandi spá gengur eftir.



Markaðspunktar Greiningardeildar Arion banka

Ásdís Kristjánsdóttir	asdis.kristjansdottir@arionbanki.is	444-6968
Davíð Stefánsson	davidst@arionbanki.is	444-6965
Fannar Jónsson	fannar.jonsson@arionbanki.is	444-6962
Hallgrímur Björnsson	hallgrimur.bjornsson@arionbanki.is	444-6818
Kristrún Mjöll Frostadóttir	kristrun.frostadottir@arionbanki.is	444-6911
Þorbjörn Atli Sveinsson	thorbjorn.sveinsson@arionbanki.is	444-6973

Ábyrgðarmaður: Ásdís Kristjánsdóttir

Fyrirvari

Þær skoðanir og spár sem hér koma fram eru byggðar á almennum upplýsingum sem Greiningardeild Arion banka hefur undir höndum þegar markaðspunktar eru ritaðir. Helstu heimildir eru ársskýrslur, afkomufundir og hluthafafundir auk annarra opinberra upplýsinga sem birst hafa í fjölmiðlum og á öðrum vettvangi. Upplýsingar í umfjöllun eru einungis birtar í upplýsingarskyni og þær ber ekki að skoða sem tilboð á einn eða annan hátt. Skoðanir og spár geta breyst án fyrirvara. Þrátt fyrir að þess sé sérstaklega gætt að upplýsingarnar séu réttar og nákvæmar þegar þær eru settar fram getur Arion banki, eða starfsmenn Arion banka ekki tekið ábyrgð á villum. Vinsamlegast hafið samband við markaðsviðskipti Arion banka eða ráðgjafa áður en gengið er frá viðskiptum sem byggja á þessum markaðspunktum. Arion banki hf. og starfsmenn félagsins taka ekki ábyrgð á því ef að gengi einstakra bréfa sem félagið mælir með kaupum á kunni að lækka og öfugt.

Arion banki, starfsmenn Arion banka, stjórnarmenn eða aðilar tengdir Arion banka kunna að eiga hagsmuna að gæta varðandi einstök félög sem greiningar, verðmatsskýrslur og annað útgáfuefni Greiningardeildar Arion banka lýtur að hverju sinni. Hagsmunir kunna að vera ýmsir t.d. sem hluthafar eða ráðgjafar í einstaka félögum, umsjónaraðilar útboða, viðskiptavaki útgefenda eða hagsmunir sem lúta að annarri veittri fjárfestingabankaþjónustu.

Athugasemdir, ábendingar og fyrirspurnir tengdar markaðspunktum sendist á netfangið greiningardeild@arionbanki.is